

Alþingi
Erindi nr. P 143/919
komudagur 30.1.2014

Nefndarsvið Alþingis

Pingeyri 30. Janúar 2014

Efni: Umsögn Skjólaskóga á Vestfjörðum um þingskjal 273 – 211 mál (143 löggjafabing)
Tillaga til þingsályktunar um eflingu skógræktar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu

Skjólaskógar á Vestfjörðum fagna fram kominni þingsályktun og telja margt í henni vera góðan grunn til eflingar skógræktar sem arðsams atvinnuvegar í landinu. Greinargerð frumvarpsins er margþætt og yfirgripsmikil og þótt þar sé bryddað á mörgum áhugaverðum nýjungum og aðferðum (einkum það sem snýr að fjármögnun) þá þarfnast þeir allir nánari skoðunar og útfærslna. Meginþema tillögunnar er arðbær rekstur skóga á markaðsforsendum og í sjálfu sér gott og nauðsynlegt þar sem þess konar ræktun verður við komið. En arður skóga er margs konar og þeim stjórnsýslueiningum sem rætt er um í tillögunni er samkvæmt núverandi fyrirkomulagi einnig ætlað að annast skóga með öðrum ræktunar- eða þjónustumarkmiðum en viðarframleiðslu og mikilvægt að gæta þess að rúm verði fyrir þau markmið í nýju eða breyttu fyrirkomulagi málaflokksins.

Umsögn um einstaka liði tillögunnar:

A. Stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt á Íslandi með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt.

Skjólaskógar taka heilshugar undir þennan tillögulið enda skortur á hagnýtum rannsóknnum og þróunarstarfi tilfinnanlegur.

B. Færa Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnsýslueiningu.

Skjólaskógar telja að í þess konar breytingu geti vissulega falist spennandi tækifæri en þar mun nánari útfærsla ráða árangri. Umsagnaraðili telur að einn kostur gæti verið að sameina „lárétt“ þannig að framkvæmdaþáttur ásamt rannsóknnum verði sameinaður í eina stofnun en stjórnsýsla málaflokksins í aðra. Mjög brýnt er að rannsóknir á sviði landgræðslu og skógræktar verði innan nýrrar *stofnunar* en ekki utan.

Hins vegar benda Skjólaskógar á að sagan kennir okkur (þau spor hræða) að miðlæg stofnun nær ógjarna árangri fjarri höfuðstöðvum eða starfsstöðvum og nægir að nefna í því sambandi að á starfssvæði Skjólaskóga (Vestfjarðakjördæmi hið forna) var engin starfsemi af opinberri hálfu í málaflöknum fyrr en með undirbúningi og stofnun Skjólaskóga árið 2000, - 93 árum eftir að landsstofnunin Skógrækt ríkisins tók til starfa.

Með stofnun og rekstri landshlutaverkefna í skógrækt á síðasta áratug 20. aldar voru stigin meðvituð skref í þá átt að ná sem best til hinna raunverulegu hagsmunaaðila sem munu eiga og reka hina nýstofnuðu auðlind. Ísland er ekki einsleitt land þegar kemur að veðurfari og

landkostum og mjög brýnt að möguleikar, kostir og þarfir hvers landshluta séu vel nýttir og ekki síst að mannauður viðkomandi svæða hvort sem er reynsla, verksvit eða sérfræðibekking nýtist fyrir viðkomandi svæði.

Við árslok 2013 eru Skjólskógar með saminga við 53 bændur um margskonar skógræktarframkvæmdir en í raun hefur starfið að miklu leiti verið þróunarvinna enda góðir möguleikar landshlutans til skógræktar að mestu óþekktir við síðustu aldamót og væru það vafalítið enn ef ekki hefði verið stofnað til landshlutaverkefnisins.

Því leggja Skjólskógar til að starfræktar verði enn öflugri landshlutamiðstöðvar á sviði skógræktar og landgræðslu með sameiningu framkvæmdasviða Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar og landshlutaverkefna í skógrækt.


C. Semja frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu.

Tökum undir og gerum ekki athugasemdir við þennan lið.

D. Móta starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógræktar með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða.

Skjólskógar taka undir tillöguna en gera ráð fyrir að með henni sé einkum horft til fjármögnunarpáttar, enda er í núgildandi lögum gert ráð fyrir tíu ára landshluta-áætlunum í skógrækt. Skógrækt er í eðli sínu langtímaverkefni. Rammaáætlun til þriggja ára er því algerlega lágmarkstími enda hlaupa menn ekki til og „slá upp skógi“.

Fh. stjórnar og starfsmanna Skjólskóga á Vestfjörðum.



Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkv.stj.

Skjólskógar á Vestfjörðum

Fjarðargötu 2, 470 Þingeyri .

kt: 630200-3770

s: 456-8201 gsm: 893-1065

e-mail: skjolskogar@skjolskogar.is